



## **Jafnréttisáætlun leikskólans Álfaborgar 2019-2021**

Jafnréttisáætlun leikskólans Álfaborgar er sett upp í samræmi við ákvæði laga um leikskóla í Stjórnarskrá Íslands og Aðalnámskrár leikskóla 2011.

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir [kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni] á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum. (22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008)

Ef minnsti grunur vaknar um slíkt áreiti er mikilvægt að gera leikskólastjórnanda/um og eða deildarstjóra vart um slíkt til að hægt sé að bregðast við sem allra fyrst á viðeigandi hátt og binda enda á slíkt athæfi. Í fyrstu fer stjórnandi með slíkt mál og ráðfærir sig við Skólalþjónustu Árneshlíða þar sem unnið er að því að styðja við þolanda og vinna að málinu á sem faglegastan hátt hverju sinni.

Einn af grunnþáttum Aðalnámskrár leikskóla síðan 2011 er jafnrétti. Þar kemur meðal annars fram að „Markmið jafnréttismenntunar á jafnframt að veita öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lifa ábyrgu og skapandi lífi í frjálsum og víðsýnu samfélagi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis. Stefnt er að því að allir hafi hlutverki að gegna í skólastarfi, allir taki þátt í að byggja þar lýðræðissamfélag þar sem jafnréttis, sanngirni og réttlætis er gætt í hvívetna og að öllum líði vel í skólanum“.

Í Álfaborg er unnið ötullega að því að uppfylla þau drög sem dregin hafa verið upp í Aðalnámskrá leikskóla 2011 og settum lögum um leikskóla. Í 2.gr laga um leikskóla segir að leikskólar skuli m.a. „...stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra“.

### **Markmið jafnréttisáætlunar í leikskólanum Álfaborg er:**

1. Að jafnrétti kynjanna sé tryggt með góðu skipulagi á skólastarfi og vinnu starfsfólks og að hver einstaklingur, nemandi eða starfsmaður sé metinn að verðleikum.
  - Ábyrgð: Leikskólastjórnendur og deildarstjórar og allir starfsmenn.
  - Hvernig: að þess sé gætt í allri stefnumótun Álfaborgar að kynjajafnrétti sé í góðu jafnvægi og að upplýstar umræður og fræðsla sé fyrir alla starfsmenn.
2. Að koma fram við börn, foreldra og samstarfsmenn af virðingu og réttlæti og muna ávallt að við erum fyrirmyndir barnanna.
  - Ábyrgð: Leikskólastjórnendur, deildarstjórar og allir starfsmenn leikskólans
  - Hvernig: með því að ræða við börnin og sýna í verki að eitt gengur yfir alla í leik og starfi og hver og einn gengur í þau störf sem þarf að vinna hverju sinni.



3. Að sjá til þess að fræðsla um jafnrétti kynjanna sé viðhaldið og komið í veg fyrir staðalímyndir í leikskólanum og samfélaginu.
  - Ábyrgð: Leikskólastjórnendur, verkefnastjóri og deildarstjórar
  - Hvernig: Fræðsla og endurmenntun starfsmanna og fræðsla til barna í gegnum leik. Deildarfundir nýttir til að fara yfir stöðu mála á deildum.
  
4. Að leikföng og almennt starf í leikskólanum sé sett upp á þann hátt að það höfði til allra óháð uppruna, kyni, menningu, trúarbrögðum, fötlunar o.s.frv.
  - Ábyrgð: Leikskólastjórnendur, verkefnastjóri og deildarstjórar
  - Hvernig: Að við innkaup sé tryggt að námsgögn leikskólans séu við hæfi allra, börn séu hvött til að leika með allann efnivið, rætt sé á fyrsta starfsdegi leikskólans að hausti um hvernig við viljum sjá rætt um þessi málefni og sett sameiginleg stefna fyrir leikskólann og endurskoðað reglulega.
  
5. Að koma í veg fyrir að kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreiti eða mismunun hverskonar geti átt sér stað innan veggja leikskólans.
  - Ábyrgð: Leikskólastjórnendur og allir starfsmenn leikskólans
  - Hvernig: Með upplýstri umræðu og fræðslu um jafnrétti kynja, hvað sé rétt að gera og leiðbeina ef upp koma atvik sem taka þarf á. Það er gert í samráði við sérfræðinga ef þess þarf og foreldra. Allt starfsfólk skal með sýna fordæmi og koma faglega fram hvort við annað óháð kyni, uppruna eða stöðu og vera þannig þær fyrirmyndir sem börnin geta lært af. Komi upp atvik sem krefst þess að tekið sé á því skal starfsmaður boðaður í viðtal og málin rædd og ef þörf er á fengnir inn sérfræðingar til að leysa málin á faglegann hátt.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans, útfærslu hennar og eftirfylgni. Árlega skal taka jafnréttisáætlunina til umræðu í starfsmannahópnunum og útbúa aðgerðaráætlun fyrir næsta skólaár.